



BYGGÐASTOFNUN

TEKJUR EINSTAKLINGA

EFTIR SVÆÐUM 2008-2022



Þróunarsvið Byggðastofnunar desember 2023,

Þorkell Stefánsson

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR OG FYRIRVARI.....	1
ALLAR TEKJUR.....	2
ATVINNUTEKJUR	4
ATVINNUGREINASKIPTING	4
HELSTU NIÐURSTÖÐUR	5
LANDSHLUTAR	6
SVÆÐI	8
ATVINNUGREINAR	10
KYN.....	13

TÖFLUR

Tafla 1. Heildaratvinnutekjur landshluta 2008-2022 í milljörðum króna (núvirt).....	6
Tafla 2. Heildaratvinnutekjur svæða 2008-2022 í milljörðum króna (núvirt).	9

MYNDIR

Mynd 1. Allar tekjur (núvirt) og hlutdeild tekjuliða í heildartekjum.	2
Mynd 2. Hlutdeild tekjuliða í heildartekjum landshluta.	3
Mynd 3. Heildaratvinnutekjur 2008-2022 (núvirt).	5
Mynd 4. Hlutfallsbreyting atvinnutekna landshluta miðað við árið 2015.	7
Mynd 5. Atvinnutekjur á íbúa landshluta 2015-2022 í milljónum kr.	7
Mynd 6. Atvinnutekjur á íbúa svæða 2021 og 2022.....	10
Mynd 7. Heildaratvinnutekjur á greinar 2021 og 2022.	11
Mynd 8. Hlutfallsbreyting atvinnutekna greina miðað við árið 2015.....	11
Mynd 9. Hlutdeild atvinnugreina í atvinnutekjum landshluta árið 2022.	12
Mynd 10. Atvinnutekjur á launþega eftir kyni 2008-2022.	13
Mynd 11. Atvinnutekjur á launþega árið 2022 eftir kyni og landshlutum (kynjamunur innan sviga).....	14

INNGANGUR OG FYRIRVARI

Samkvæmt gildandi byggðaaætlun¹ og lögum um Byggðastofnun² á stofnunin að fylgjast með byggðapróun og helstu áhrifaþáttum hennar með úrvinnslu opinberra gagna og eigin gagnasöfnun. Í auknum mæli hefur stofnunin unnið að því að vinna svæðisbundna tölfræði, þ.e. að greina þá tölfræði sem er til niður á landshluta eða smærri einingar, eftir því sem hægt er miðað við fyrirliggjandi gögn. Einn af þeim þáttum sem mikilvægt er að hafa upplýsingar um eru tekjur eftir svæðum.

Gögn eru fengin af vef Hagstofu Íslands³ sem vinnur þau úr upplýsingum frá Skattinum. Sótt voru mánaðargögn fyrir árin 2008-2022 um 1) launagreiðslur [hér nefndar atvinnutekjur], 2) lífeyrisgreiðslur, 3) fjármagnstekjur, 4) bætur frá Tryggingastofnun og Sjúkratryggingum, 5) atvinnuleysisgreiðslur, 6) fæðingarorlofsgreiðslur, 7) fjárhagstaðstoð sveitarfélaga og 8) aðrar staðgreiðsluskyldar greiðslur. Allir þessir tekjuliðir eru úr staðgreiðsluskrá Skattsins nema fjármagnstekjur sem koma úr skattframtölum einstaklinga. Atvinnutekjur innihalda ekki hagnað af rekstri einyrkja sem eru með rekstur á eigin kennitölu. Tekjur einstaklinga fylgja lögheimili þeirra (tekjuþega) en ekki staðsetningu aðila sem

greiða staðgreiðsluskyldar greiðslur. Því er um að ræða tekjur íbúa hvers sveitarfélags eða svæðis. Tekjur einstaklinga sem höfðu ekki lögheimili í landinu eru ekki taldar með í þessari greiningu. Nánari skýringar á staðgreiðsluskyldum greiðslum má finna á vef Hagstofu Íslands.³

Í niðurstöðum hafa upphæðir fyrri ára verið færðar yfir á verðlag ársins 2022 í samræmi við árlegt meðaltal vísitölu neysluverðs. Því getur verið munur á upphæðum sem hér birtast og þeim á vef Hagstofu Íslands.

Skýrsla þessi inniheldur eingöngu helstu niðurstöður en í mælaborði sem kemur út samhliða skýrslunni er hægt að skoða tölur um stöðu og þróun tekna eftir svæðum og kyni. Þar er jafnframt hægt að skoða hlutdeild atvinnugreina í atvinnutekjum eftir svæðum.

[Mælaborðið er aðgengilegt á vef Byggðastofnunar](#)

Athugið að upphæðir eru teknar saman út frá minnstu einingu, þannig að heildartölur landshluta eða landsins alls byggja á samanlögðum upphæðum fyrir undirliggjandi sveitarfélög, kyn og tekjuliði en ekki heildartölum eins og þær birtast á vef Hagstofunnar.

¹ <https://www.althingi.is/altext/152/s/1383.html>

² <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1999106.html>


³ <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/laun-og-tekjur/tekjur/>

ALLAR TEKJUR

Heildartekjur einstaklinga, þ.e.a.s. samanlagðar atvinnutekjur, lífeyrisgreiðslur, fjármagnstekjur, bætur frá Tryggingastofnun og Sjúkratryggingum, atvinnuleysisgreiðslur, fæðingarorlofsgreiðslur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og aðrar staðgreiðsluskyldar tekjur, voru 2.327 milljarðar kr. árið 2022 (mynd 1).

Árið 2022 voru atvinnutekjur 71,2% af öllum tekjum einstaklinga, lífeyrisgreiðslur 9,7%, fjármagnstekjur 9,4%, bætur frá Tryggingastofnun og Sjúkratryggingum 7,0%, atvinnuleysisgreiðslur 1,0%, fæðingarorlofsgreiðslur 0,9%, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga 0,2% og aðrar staðgreiðsluskyldar tekjur 0,5%.

Frá 2015 til 2022 jukust heildartekjur á landinu öllu um 41,7%. Á þessu tímabili hækkuðu atvinnuleysisgreiðslur um 99,7%, fæðingarorlofsgreiðslur um 87,1%, fjármagnstekjur um 67,7% og lífeyrisgreiðslur um 61,0%.




Mynd 1. Allar tekjur (núvirt) og hlutdeild tekjuliða í heildartekjum 2015-2022.

Hlutdeild atvinnutekna í heildartekjum einstaklinga var nokkuð mismunandi milli landshluta árið 2022. Á Austurlandi voru atvinnutekjur 76% heildartekna en lægsta hlutdeild atvinnutekna var 68% á Suðurnesjum og 69% á Norðurlandi vestra (mynd 2). Lífeyrisgreiðslur voru 11% heildartekna einstaklinga í tveimur landshlutum, Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra en lægst hlutdeild lífeyrisgreiðslna var á Suðurnesjum eða 7%.

Fjármagnstekjur geta verið mjög mismunandi eftir svæðum og árum því að fáir einstaklingar geta hagnast um háar upphæðir á stöku ári, svo sem vegna sölu fyrirtækja. Á Suðurnesjum var hlutfall fjármagnstekna 14% sem var hæsta gildi allra landshluta árið 2022. Árið 2021 var hlutdeild fjármagnstekna 5% á Suðurnesjum en 12% á Suðurlandi og 11% á Vesturlandi.

Hlutdeild bóta frá Tryggingastofnun og Sjúkratryggingum af heildartekjum einstaklinga var hæst á Norðurlandi vestra árið 2022 eða 10%. Lægsta hlutdeild bóta var á höfuðborgarsvæðinu 6%. Aðrir tekjuliðir voru með lægri hlutdeild en 2% í öllum landshlutum, að undanskildum atvinnuleysisgreiðslum sem voru 2% af heildartekjum einstaklinga á Suðurnesjum árið 2022.



Mynd 2. Hlutdeild tekjuliða í heildartekjum landshluta.

ATVINNUTEKJUR

ATVINNUGREINASKIPTING

Atvinnugreinaskipting atvinnutekna byggir á bálkum ÍSAT2008⁴ en að nokkru leyti er brugðið frá þeirri skiptingu: Báلكi A er skipt í þrennt, í landbúnað og skógrækt, fiskveiðar og fiskeldi og Báلكi C skipt upp í fiskvinnslu og aðra framleiðslu. Þá eru báلكar D og E sem innihalda veitur ýmiskonar sameinaðir í það sem er kallað veitustarfsemi. Einnig eru báلكar B og F sameinaðir en þeir innihalda mannvirkjagerð og hvers konar efnistöku úr jörðu. Báلكar K, L og N eru sameinaðir í flokkinn fjármálastarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta. Í þessari samantekt eru opinber stjórnslá, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta teknar saman en voru áður í þremur flokkum. Þá eru fimm síðustu báلكarnir, R, S, T, U og X, sameinaðir í flokkinn annað.

Skipting atvinnugreina er eftirfarandi (ISAT2008 flokkun innan sviga):

- Byggingastarfsemi (B; F)
- Fiskeldi (A 3.2)
- Fiskveiðar (A 3.1)
- Fiskvinnslu (C 10.2)
- Fjármálastarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta (K; L; N)
- Flutningar og geymsla (H)

- Framleiðsla án fiskvinnslu (C án C 10.2)
- Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélkn. ökutækjum (G)
- Landbúnaður og skógrækt (A 1; A 2)
- Opinber stjórnslá, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta (O; Q)
- Rekstur gististaða og veitingarekstur (I)
- Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi (M)
- Upplýsingar og fjarskipti (J)
- Veitustarfsemi (D; E)
- Annað (R; S; T; U; X)

Í gögnum Hagstofu um atvinnutekjur niður á sveitarfélög er fjöldi einstaklinga sums staðar það lítilt að ekki er unnt að birta upphæðir eftir atvinnugreinum vegna persónuverndar. Í þeim tilvikum eru samanlagðar atvinnutekjur allra atvinnugreina lægri en birtar heildaratvinnutekjur í sveitarfélaginu. Í þessari greiningu er mismuninum bætt við upphæðir í flokknum annað til afstemmingar og getur hlutdeild þess flokks því verið hlutfallslega há í fámennum sveitarfélögum.

⁴ <https://hagstofa.is/media/49171/isat2008.pdf>


HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Á árinu 2022 námu heildaratvinnutekjur 1.658 milljörðum kr. sem var um 94 milljörðum eða 6,0% meira en árið 2021. Hlutfall atvinnutekna var 71,2% af heildartekjum einstaklinga árið 2022.

Atvinnutekjur deilt niður á alla 376.248 íbúa landsins voru um 4,4 milljónir kr. á mann árið 2022 en 8,4 milljónir sé deilt niður á þá 197.918 launþega sem höfðu atvinnutekjur á árinu.⁵

Hlutfall atvinnutekna kvenna á landinu öllu var 41,4% á árinu 2022 sem er sama hlutfall og 2021.

Núvirtar heildaratvinnutekjur á landinu öllu voru 1.232 milljarðar árið 2008 en árið 2010 höfðu þær dregist saman um 20,2% vegna efnahagshrunsins (mynd 3). Árin 2010 til 2014 jukust heildaratvinnutekjur um 2-5% árlega og höfðu náð sömu hæð og 2008 árið 2015. Mikill vöxtur var í atvinnutekjum árin 2015 til 2018 eða frá 5,5% til 9,8% en árið 2019 hægði á vextinum og 2020 lækkuðu heildaratvinnutekjur um 3,4% vegna áhrifa COVID-19. Árið 2021 jukust heildaratvinnutekjur aftur um 4,9%.



Mynd 3. Heildaratvinnutekjur 2008-2022 (núvirt).

⁵ Meðalfjöldi einstaklinga sem var með launagreiðslur í hverjum mánuði ársins.

LANDSHLUTAR

Atvinnutekjur dreifast með svipuðum hætti milli landshluta og íbúa-fjöldinn (tafla 1). Heildaratvinnutekjur árið 2022 á höfuðborgarsvæðinu voru 1.100 milljarðar króna (66,4%), á Suðurlandi 129 milljarðar (7,8%), á Norðurlandi eystra 128 milljarðar (7,7%), á Suðurnesjum 119 milljarðar (7,2%), á Vesturlandi 71 milljarður (4,3%), á Austurlandi 52 milljarðar (3,1%), á Vestfjörðum 31 milljarður (1,9%) og á Norðurlandi vestra 27 milljarðar (1,6%).

Heildaratvinnutekjur jukust mikið í öllum landshlutum milli 2015 og 2022, mest á Suðurnesjum eða um 59% og þar næst á Suðurlandi eða 45% (mynd 4).

Á árinu 2020 drógust heildaratvinnutekjur saman í öllum landshlutum nema á Austurlandi. Langmestur samdráttur í atvinnutekjum milli 2019 og 2020 varð á Suðurnesjum og Suðurlandi vegna áhrifa COVID-19 á ferðaþjónustu þar. Í þessum tveimur landshlutum varð hins vegar mikil viðspyrna árið 2022 þar sem vöxtur atvinnutekna á Suðurnesjum var 16% og á Suðurlandi 9%.

Minnsti vöxtur heildaratvinnutekna frá 2015 til 2022 var á Norðurlandi vestra og Austurlandi 22% og hægasti vöxtur árið 2022 var jafnframt á Norðurlandi vestra 1% en þar næst 2% á Vestfjörðum.


Árið 2022 voru atvinnutekjur á íbúa hæstar á Austurlandi eða um 4,7 milljónir, næst hæstar á höfuðborgarsvæðinu 4,6 milljónir og þar

næst á Vestfjörðum 4,3 milljónir (mynd 5). Mikil hækkun atvinnutekna á íbúa varð í flestum landshlutum milli 2015 og 2018, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, Vestfjörðum og Suðurnesjum.


Tafla 1. Heildaratvinnutekjur landshluta 2008-2022 í milljörðum króna (núvirt).

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Höfuðborgarsv.	829	671	643	668	686	716	756
Suðurnes	71	58	56	58	59	62	67
Vesturland	56	48	47	48	48	49	51
Vestfirðir	25	24	23	22	22	23	23
Norðurland v.	23	21	20	21	21	21	21
Norðurland e.	98	87	85	89	90	92	95
Austurland	46	37	36	38	38	39	40
Suðurland	84	74	72	76	78	79	81
Landið allt	1.232	1.018	983	1.019	1.042	1.082	1.134

	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Höfuðborgarsv.	822	907	976	1.024	1.032	999	1.044	1.100
Suðurnes	75	87	98	109	109	97	103	119
Vesturland	55	60	62	66	67	65	68	71
Vestfirðir	25	27	27	29	29	29	31	31
Norðurland v.	22	24	24	25	26	26	27	27
Norðurland e.	102	110	114	118	119	117	122	128
Austurland	43	43	44	46	46	47	51	52
Suðurland	89	97	103	110	114	111	119	129
Landið allt	1.233	1.354	1.449	1.528	1.543	1.491	1.564	1.658



Mynd 4. Hlutfallsbreyting atvinnutekna landshluta miðað við árið 2015.



Mynd 5. Atvinnutekjur á íbúa landshluta 2015-2022 í milljónum kr.

SVÆÐI

Í töflu 2 má sjá heildarvinnutekjur eftir tekjussvæðum sem ýmist eru stök sveitarfélög eða nokkur sveitarfélög saman. Í mælaborði sem kemur út samhliða þessari skýrslu er hægt að sjá upplýsingar um atvinnutekjur í öllum sveitarfélögum landsins.

Sé horft á gögn aftur til 2008 eiga flest svæði það sameiginlegt að heildarvinnutekjur voru töluvert hærrí 2008 heldur en árin á eftir, vegna efnahagshrunsins. Á flestum svæðum höfðu núvirtar heildarvinnutekjur náð svipaðri upphæð árið 2015 og þær höfðu verið 2008 en á nokkrum svæðum á Suðvesturlandi náðist það ekki fyrr en 2016. Frá þessu eru þó undantekningar, t.d. á Austurlandi án Fjarðabyggðar þar sem sama upphæð atvinnutekna og fyrir hrun náðist ekki fyrr en árið 2021. Þetta stafar að miklu leyti af því að árið 2008 voru ennþá mikil umsvif í byggingageiranum og margir launþegar á svæðinu vegna virkjanaf framkvæmda. Heildarvinnutekjur drógust mikið saman 2009 þegar framkvæmdum lauk og starfsfólk flutti af svæðinu og því var niðursveifla í atvinnutekjum meiri þar en annars staðar. Í Vestmannaeyjum náðist sama upphæð núvirtra atvinnutekna og 2008 strax árið 2011 en þar varð mikil aukning atvinnutekna í fiskveiðum og fiskvinnslu eftir hrun.

Á árunum 2015 til 2018 jukust atvinnutekjur mikið á flestum svæðum, þó minnst í Vestmannaeyjum þar sem þær drógust saman um 1,3%. Í Reykjanesbæ jukust núvirtar atvinnutekjur um 51,7% frá 2015 til

2018 og í Suðurnesjabæ og Vogum um 40,4%. Á Suðurlandi var vöxtur atvinnutekna víða yfir 30% á sama tímabili.

Árið 2020 drógust núvirtar heildarvinnutekjur saman á flest öllum svæðum vegna COVID-19. Mesti samdráttur atvinnutekna varð á svæðum sem áttu mest undir í ferðapjónustu, þ.e. í Reykjanesbæ 12,9% og í Skaftafellssýslum 11,1%.


Á árinu 2022 jukust heildarvinnutekjur á öllum tekjussvæðum og mest á þessum tveimur fyrrnefndu svæðum. Í Reykjanesbæ jukust þær um 18,4% frá 2021 og í Skaftafellssýslum um 16,4%. Árið 2022 jukust heildarvinnutekjur í Suðurnesjabæ og Vogum um 10,3%, í uppsveitum Árnassýslu og Flóahreppi um 10,0% og í Grindavík um 9,9%. Minnst aukning atvinnutekna árið 2022 var í Húnavatnssýslum 1,1%, á Vestfjörðum 1,6%, á Snæfellsnesi 1,7% og í Skagafirði 1,7%.

Árið 2022 voru atvinnutekjur á íbúa hæstar í Fjarðabyggð eða 5,4 milljónir kr. og næst hæstar í Garðabæ og á Seltjarnarnesi 5,3 milljónir (mynd 6). Atvinnutekjur voru undir 3,3 milljónum á hvern íbúa í Húnavatnssýslum árið 2022 og höfðu lítið hækkað frá fyrra ári. Atvinnutekjur á íbúa voru nokkuð hærrí eða 3,6 milljónir í Rangárvallasýslu, Borgarbyggð og Dölum og uppsveitum Árnassýslu og Flóahreppi en þær höfðu atvinnutekjur á hvern íbúa hækkað um 5-9% frá árinu 2021.

Tafla 2. Heildaratvinnutekjur svæða 2008-2022 í milljörðum króna (núvirt).

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Reykjavík	482,6	385,4	366,1	377,9	386,1	402,8	423,5
Kópavogur	126,8	104,5	101,6	106,6	110,1	115,0	122,1
Hafnarfjörður	101,5	83,6	81,0	84,4	87,0	91,1	97,3
Garðabær	61,1	50,8	49,5	51,9	54,4	57,4	60,7
Mosfellsbær og Kjós	34,6	28,7	28,1	29,5	30,6	32,0	33,7
Seltjarnarnes	22,2	17,9	16,7	17,3	17,4	17,8	18,8
Reykjanesbær	47,8	38,2	36,7	37,8	38,8	41,3	44,6
Suðurnesjab. og Vogar	14,2	11,5	11,0	11,1	11,2	11,5	12,0
Grindavík	9,5	8,8	8,6	8,8	9,1	9,7	10,2
Akranes og Hvalfjörður	27,4	23,6	23,3	24,2	24,3	24,6	25,6
Borgarbyggð og Dalir	13,5	11,0	10,4	10,3	10,3	10,6	11,2
Snæfellsnes	14,6	13,5	13,5	13,6	13,8	13,6	14,1
Vestfirðir	25,4	23,7	22,6	22,3	22,4	23,0	23,4
Skagafjörður	13,8	12,7	12,5	12,7	12,8	12,9	12,8
Húnavatnssýslur	8,9	7,8	7,7	7,9	7,8	8,2	8,1
Akureyri	61,5	53,4	52,5	55,7	56,3	58,4	59,8
Eyjafjörður án Akureyrar	21,3	19,2	19,1	19,6	19,5	19,7	20,4
Þingeyjarsýslur	15,6	14,0	13,7	14,0	14,2	14,3	14,5
Fjarðabyggð	23,0	19,5	19,4	20,7	21,0	21,0	21,5
Austurland án Fjarðab.	22,7	17,1	16,5	17,1	17,4	17,8	18,4
Svf. Árborg	26,0	21,8	20,6	21,4	21,6	22,5	23,8
Hveragerði og Ölfus	13,7	11,9	11,7	11,8	12,0	12,1	12,7
Vestmannaeyjar	16,4	15,1	16,0	18,0	18,4	18,1	17,2
Rangárvallasýsla	9,5	8,5	8,3	8,3	8,4	8,6	9,1
Skautafellssýslur	10,1	9,2	9,0	9,4	10,0	10,2	10,4
Uppsveitir og Flóahr.	8,3	7,1	6,7	7,0	7,2	7,7	8,3
Landið allt	1.231,8	1.018,3	982,8	1.018,9	1.042,0	1.081,9	1.134,2

	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Reykjavík	456,9	500,8	536,7	559,5	560,4	536,7	562,5	595,2
Kópavogur	134,9	152,3	164,1	172,0	174,7	170,2	178,5	185,0
Hafnarfjörður	106,2	117,3	126,2	132,5	131,9	126,7	128,7	135,6
Garðabær	66,1	73,2	80,0	85,0	87,2	87,0	92,4	98,0
Mosfellsbær og Kjós	37,0	41,2	45,6	51,0	54,3	54,4	58,0	61,5
Seltjarnarnes	20,4	22,1	23,4	24,3	23,9	23,4	24,0	24,8
Reykjanesbær	50,0	59,3	67,9	75,9	76,1	66,3	70,4	83,4
Suðurnesjab. og Vogar	13,1	15,2	16,8	18,4	18,2	17,0	17,6	19,4
Grindavík	11,9	12,8	13,1	14,3	14,8	14,2	14,6	16,1
Akranes og Hvalfjörður	27,9	30,3	32,1	34,4	34,5	33,5	35,6	37,2
Borgarbyggð og Dalir	12,3	13,6	14,7	15,5	15,4	14,6	15,2	16,6
Snæfellsnes	14,9	15,8	15,5	16,4	16,8	16,5	17,1	17,4
Vestfirðir	25,1	26,8	27,1	28,8	29,3	29,2	30,5	31,0
Skagafjörður	13,6	14,7	14,8	15,5	16,3	16,5	16,8	17,1
Húnavatnssýslur	8,6	9,0	9,2	9,5	9,8	9,6	10,0	10,1
Akureyri	64,1	68,8	71,6	74,1	74,9	74,0	77,7	80,9
Eyjafjörður án Akureyrar	22,1	23,0	22,7	24,0	24,6	24,5	25,1	26,5
Þingeyjarsýslur	15,8	17,8	19,5	20,3	19,8	18,7	19,3	20,9
Fjarðabyggð	23,3	23,0	23,4	24,5	24,4	24,7	27,1	28,1
Austurland án Fjarðab.	19,4	20,3	21,1	21,7	22,0	22,0	23,5	24,0
Svf. Árborg	26,2	29,1	31,7	34,3	35,9	36,3	39,2	42,2
Hveragerði og Ölfus	13,9	15,4	16,4	17,2	17,9	17,8	19,2	20,6
Vestmannaeyjar	18,8	18,7	18,2	18,6	18,8	19,2	20,4	21,2
Rangárvallasýsla	9,9	11,2	11,8	12,9	13,5	12,6	13,1	14,4
Skautafellssýslur	11,3	12,5	13,5	14,9	15,4	13,7	14,7	17,2
Uppsveitir og Flóahr.	9,2	10,3	11,8	12,6	12,6	11,9	12,5	13,7
Landið allt	1.232,9	1.354,2	1.448,8	1.528,1	1.543,4	1.491,4	1.563,8	1.658,0




Mynd 6. Atvinnutekjur á íbúa svæða 2021 og 2022.


ATVINNUGREINAR

Stærsta atvinnugreinin mæld í atvinnutekjum árið 2022 var opinber stjórnarsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta með 516 milljarða kr. (31,1%), heild- og smásöluverslun og viðgerðir á vélknúnum ökutækjum kom næst með 171 milljarð (10,3%), framleiðsla án fiskvinnslu var með 150 milljarða (9,0%) og fjármála- starfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta með 142 milljarða (8,5%) (mynd 7).

Á tímabilinu 2015 til 2022 jukust heildaratvinnutekjur í flestum atvinnugreinum um 20-55%. Mest hlutfallsleg aukning 2015-2022 var í fiskeldi, en heildaratvinnutekjur í greininni hækkuðu úr 2,6 milljörðum í 6,4 eða um 149% (mynd 8). Mjög mikil aukning atvinnutekna varð einnig í byggingastarfsemi árin 2015-2022 eða 92%. Mikil aukning atvinnutekna var einnig í rekstri gisti- og veitingastaða árin 2015-2019 en árin 2020 og 2021 varð mikill samdráttur í greininni vegna COVID-19. Árið 2022 höfðu heildaratvinnutekjur aftur tekið við sér og voru orðnar hærri en önnur ár sem gögnin ná yfir. Atvinnutekjur í fiskveiðum voru 9,7% lægri árið 2022 en þær voru árið 2015, en þær náðu þó lágmarki árin 2017 og 2018.




Mynd 7. Heildaratvinnutekjur á greinar 2021 og 2022.



Mynd 8. Hlutfallsbreyting atvinnutekna greina miðað við árið 2015.

Hlutdeild atvinnugreina í atvinnutekjum er töluvert ólík milli landshluta og enn margbreyttari ef horft er á tekjuszæði eða sveitarfélög (mynd 10). Hæst hlutfall opinberrar stjórnsýslu, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónustu árið 2022 var á Norðurlandi vestra þar sem greinin stóð fyrir 40% heildaratvinnutekna en næst hæst var hlutdeild greinarinnar á Norðurlandi eystra. Lægsta hlutdeild opinbera geirans var á Suðurnesjum 23%. Verslun og viðgerðir vélknúinna ökutækja var fyrirferðamest á höfuðborgarsvæðinu þar sem greinin stóð fyrir 12% af heildaratvinnutekjum og á Norðurlandi vestra þar sem hlutdeild hennar var 11%. Framleiðsla án fiskvinnslu var áfram mikilvægust fyrir tvo landshluta, Vesturland og Austurland, þar sem hlutdeild greinarinnar í heildaratvinnutekjum árið 2022 var 18%.

Fjármálastarfsemi og sérhæfð þjónusta hefur hæsta hlutdeild á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum og flutningar og geymsla hefur lang hæsta hlutdeild á Suðurnesjum eða 18%. Fiskveiðar voru hlutfallslega mikilvægastar fyrir atvinnutekjur á Vestfjörðum árið 2022 þar sem hlutdeild greinarinnar var 13%, á Austurlandi var hún 11% og á Vesturlandi 10%. Þá hafði fiskvinnsla háa hlutdeild bæði á Vestfjörðum og Austurlandi, eða 11%.




Mynd 9. Hlutdeild atvinnugreina í atvinnutekjum landshluta árið 2022.

KYN

Árið 2022 voru atvinnutekjur kvenna 686 milljarðar kr. eða 41,4% af heildaratvinnutekjum og atvinnutekjur karla voru 972 milljarðar kr. eða 58,6% af heildaratvinnutekjum. Til viðmiðunar voru konur um 49% af íbúum landsins 1. janúar 2022 en karlar 51%.⁶ Hlutfall kvenna af einstaklingum sem höfðu launatekjur (launþegum) árið 2022 var nokkuð lægra eða 47%.⁷

Heildaratvinnutekjur kvenna á hvern kvenkyns launþega voru 7,32 milljónir kr. árið 2022 og atvinnutekjur karla á hvern karlkyns launþega voru 9,33 milljónir kr., eða 27,5% hærri (mynd 10). Munurinn er háður fleiri þáttum en kyni, t.d. vinnustundum og atvinnugrein, sem eru mismunandi eftir kyni.⁸ Mestur kynjamunur á atvinnutekjum á launþega 2008-2022 var árið 2008 þegar hann var 55,8%. Munurinn minnkaði niður í 51,2% árið 2009 og hefur minnkað um 1-4 prósentustig á ári frá 2012. Frá 2015 hafa atvinnutekjur á kvenkyns launþega hækkað um 23% en atvinnutekjur á karlkyns launþega um 10%.



Mynd 10. Atvinnutekjur á launþega eftir kyni 2008-2022.


⁶ <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/sveitarfelog-og-byggdakjarnar/>

⁷ <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/laun-og-tekiur/tekiur/>

⁸ <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/vinumarkadur/vinumarkadsrannsokn/>

Atvinnutekjur á kvenkyns launþega voru lang hæstar á höfuðborgarsvæðinu árið 2022 eða 7,8 milljónir króna. Í öðrum landshlutum voru atvinnutekjur á kvenkyns launþega á bilinu 6,3 til 6,7 milljónir kr. Atvinnutekjur á karlkyns launþega voru hæstar á Austurlandi árið 2022 eða 10,3 milljónir króna en lægst á Norðurlandi vestra 8,3 milljónir.

Bilið á milli atvinnutekna á launþega hjá körlum og konum var nokkuð misbreitt eftir landshlutum árið 2022. Kynjamunur á atvinnutekjum á launþega var mestur í landshlutanum með hæstar heildaratvinnutekjur á íbúa, þ.e.a.s. á Austurlandi þar sem atvinnutekjur karlkyns launþega voru 56,1% hærri en atvinnutekjur kvenkyns launþega (mynd 11). Næst mestur kynjamunur var á Vesturlandi þar sem atvinnutekjur á launþega voru 41,4% hærri hjá körlum en konum. Minnstur kynjamunur hvað varðar atvinnutekjur á launþega var á höfuðborgarsvæðinu eða 22,6% og næst minnstur á Suðunesjum 31,4%.



Mynd 11. Atvinnutekjur á launþega árið 2022 eftir kyni og landshlutum (kynjamunur innan sviga).